

um hluta sveitarfélaga af söluskatti.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jóhann Jósefsson, Hannibal Valdimarsson,
Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Meðan innheimtur er söluskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 100/1948 og síðari breytingum á þeim eða annar skattur samsvarandi, skal hálfur skatturinn renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skiptast þaðan milli bæjar- og hrepps- sjóða eftir þeim reglum, sem í lögum þessum segir.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs, þó þannig að ekkert bæjar- eða hreppsfélag fær meiri greiðslu en sem nemur 50% af álögðum útsvörum næsta árs á undan.

3. gr.

Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 3. gr. getur, séu inntar af hendi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að eindregnum óskum stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og framkvæmdastjórn þess.

Frumvarpið er eins og bæjarstjórafundur sá, sem haldinn var í Reykjavík dagana 10.—13. okt. s. l., samdi það, að öðru leyti en því, að flutningsmenn hafa gert á því tvær breytingar:

1. Í 2. gr. er hámarkshlutfall hækkað úr 40% í 50%, sem flutningsmenn telja réttara í skiptingunni milli sveitarfélaga.
2. Niður hefur verið felld grein um hlutdeild sveitarfélaga í tekjum ríkissjóðs af söluskatti 1951. Vitað er, að búið er á annan hátt að ráðstafa þeim tekjum — eða tekjuafgangi ríkissjóðs þetta ár — og þar af leiðandi þýðingarlaust að bera fram slíka tillögu. Í samræmi við þetta er gildistökuári settur 1. janúar 1952. Flutningsmenn hafa hlaupið undir bagga með að flytja frumvarpið, af því að þeim er ljóst, að mörg sveitarfélög eiga við mikla fjárhagsörðugleika að stríða, og þeir viðurkenna nauðsyn þess, að Alþingi taki skiptingu tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga til rækilegrar athugunar.

Fylgiskjal I.

Greinargerð frá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga.

Á síðari árum hefur tekið að bera mjög á vanskilum hjá sveitarfélögum landsins einkum þó kaupstöðum og stærri kaптúnunum. Fjárhagsörðugleikar kaupstaðanna og kaптúnanna eru greinilega af þeim rótum runnir, að tekjustofnar sveitarfélaga bregðast. Ástæðurnar fyrir því, að tekjustofnarnir bregðast, eru einkum þær, að atvinnurekstur hefur dregið saman vegna aflabrests um lengri eða skemmri tíma, dýrtíðar, sem farið hefur ört vaxandi, og þess, að allur tilkostnaður hefur stórlega aukizt, en tekjur sveitarfélaganna, sem eru nær eingöngu útsvör, innheimtast miklu verr en áður og í sumum tilfellum alls ekki.

Á árinu 1950 og því sem af er árinu 1951 hafa ábyrgðir fallið á ríkissjóð vegna kaupstaða landsins einna saman, er nema um 7 millj. króna, og á sama tíma áttu allir kaupstaðir landsins ógreidd öll árgjöld sín til Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1951, og nokkrir skulduðu einnig eldri árstíllög sín, svo verulegum fjárhæðum nam. Þá er og rétt að geta þess, að 3 síðustu árin hafa vanskil margra kaupstaða við Tryggingastofnun ríkisins verið gerð upp með lánunum, sem Trygginga-

stofnunin hefur veitt í því skyni, eða greiðslurnar hafa verið teknar af lánnum, sem veitt hafa verið til annarra framkvæmda.

Á öllum skuldbindingum sveitarfélaganna gagnvart Tryggingastofnun ríkisins ber ríkissjóður ábyrgð. — Þá hefur og tekið að hóla á því aftur hin síðari ár, að vanskilaskuldir hrúgust upp milli sveitarfélaganna innbyrðis og við sjúkrahús eða hæli, þar sem fólk dvelur á vegum sveitarfélaganna. Hjá einstaka sveitarfélögum nema þessar óreiðuframfærsluskuldir nú þegar mörgum tugum þúsunda króna. Innheimta þeirra gengur margfalt verr en vera þyrfti, þar sem ekki er hægt að beita þeim viðurlögum, sem lög þó heimila í ýmsum tilfellum, svo sem um vanskilaskuldir barnsfeðra. Þá er og farið að bera á því, að þótt atvinnufyrirtæki haldi eftir útsvarsskuldum af kaupi þess fólks, sem hjá þeim vinnur, eru fyrirtækin þess ómegnug að standa í skilum við sveitarsjóðina með þetta fé, þegar rekstur þeirra gengur illa eða harkalega er gengið að þeim með innheimtu á öðrum greiðslum, sem þeim ber að standa skil á.

Á árinu 1950 var þeim, sem fást við stjórn sveitarmálefna, ljóst, að ekki gat miklu lengur dregizt, að eitthvað raunhæft yrði aðhafzt til þess að forða sveitarfélögum frá algeru fjárhagslegu öngþveiti. Af þeirri ástæðu var stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og sérstakri þar til kjörinni nefnd falið að beita sér fyrir því, að kvaddur yrði saman fundur með öllum bæjarstjórum landsins á árinu 1951 til þess að ræða þessi vandamál og reyna að fá samkomulag um ákveðnar tillögur til lausnar þeim.

Fundur þessi var svo haldinn í Reykjavík dagana 10.—13. okt., og gekk hann meðal annars frá frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Sami fundur kaus einnig þriggja manna nefnd til þess ásamt stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að koma þeim tveim frumvörpum, sem fundurinn hafði samþykkt, á framfæri við ríkisstjórn og Alþingi.

Í nefndina voru kosnir: Gunnar Thoroddsen alþingismaður og borgarstjóri í Reykjavík og bæjarstjórnir Helgi Hannesson í Hafnarfirði og Björgvin Bjarnason á Sauðárkróki.

Hinn 18. f. m. átti nefndin ásamt formanni og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga tal við forsætis- og félagsmálaráðherra Steingrím Steinþórsson um ályktanir og samþykktir bæjarstjórafundarins og afhentu honum þá samþykktirnar ásamt þessu frumvarpi. Jafnframt var ráðherranum tjáð, að frumvarp þetta mundi verða flutt á yfirstandandi Alþingi.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr samþykktum bæjarstjórafundarins 10.—13. okt. 1951.

I. Fjárhagsmál.

Sameiginlegur fundur bæjarstjóra úr öllum íslenskum kaupstöðum, haldinn í Reykjavík dagana 10.—13. okt. 1951, lýsir yfir því, að hann telur nú svo komið, að tekjustofn sá, sem sveitarfélögum landsins er ætlaður til þess að standa undir meginútgjöldum sínum og víðast hvar má telja eina tekjustofn þeirra, útsvörin, — hafi á undanförunum árum verið skertur svo, að engar líkur eru til þess lengur, að sveitarfélög landsins, — sérstaklega kaupstaðir og stærri kauptún, — sem allur meginþungi félagsmálaútgjaldanna, framfærsluþyrðanna og fræðslukostnaðarins í landinu hvílir á, — fái staðið undir þessum útgjöldum að óbreyttri löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga.

Útsvörin á öllu landinu námu alls árið 1950 105.8 millj. króna. Af þeim greiddu kaupstaðir landsins einir 86.4 millj. króna, en öll önnur sveitarfélög samtals 19.4 millj. króna.

Auk útsvaranna greiddu landsmenn þá í beina skatta til ríkissjóðs tekjuskatt,

sem ásamt tekjuskattsviðauka nam samtals rúmlega 44 millj. kr. Þar af var tekjuskattsviðaukinn einn úr kaupstöðunum þrettán alls um 5 millj. króna. Árið 1948 var söluskatturinn tekinn upp, og árið 1950 var hert mjög á innheimtu hans, en það hefur aftur haft þær afleiðingar, að innheimta útsvaranna gengur nú miklu verr en áður hjá þeim fyrirtækjum, sem söluskatti svara. Minni atvinna og aukin dýrtíð hafa og dregið úr gjaldþoli almennings og getu til að greiða útsvör sín, en auk þess ganga ríkistekjurnar jafnaðarlega fyrir tekjum sveitarfélaganna um innheimtu, og veikir það einnig aðstöðu sveitarsjóðanna.

Að þessu athuguðu telur bæjarstjórafundurinn, að ekki verði lengur hjá því komið, að tekin verði til endurskoðunar öll gildandi lagaákvæði um tekjur kaupstaðanna með það fyrir augum að setja heildarlöggjöf um tekjustofna þeirra og sveitarfélaganna almennt, þar sem tryggilega verði búið um fjárhagsgrundvöll þeirra og tryggt, að ekki verði beint eða óbeint gengið á þá tekjustofna, sem sveitarfélögum verða fengnir. En þar sem slík löggjöf þarf bæði mikinn og nákvæman undirbúning, ekki sízt vegna þess, að hún hlýtur að snerta mjög ýmsa tekjustofna og tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs, en þörfin á skjótum úrbótum vegna sveitarsjóðanna svo brýn, að um enga bið getur lengur verið að ræða, ef ekki á enn verr að fara en á horfist, samþykkir fundurinn að bera nú fram við ríkisstjórn og Alþingi þær tillögur til bráðabirgðaúrlausnar á hinum miklu og vaxandi fjárhagsörðugleikum bæjarfélaganna:

1. Að nú þegar verði af þeim létt öllum kostnaði við lögreglumál, — og —
2. að sveitarfélögum verði fenginn helmingur af þeim tekjum, er ríkissjóður nú fær af söluskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum nr. 100/1948 og síðari breytingum, meðan sá skattur, eða annar tilsvarandi er tekinn.

Bæjarstjórafundurinn lítur svo á, að ekki komi viðbótarfjárhæð að tilætluðum notum, sem lægri er en sem svarar þriðjungi af útsvarsupphæð ársins 1950, ef komast á hjá því að hækka útsvör til bæjarsjóðanna stórlega frá því, sem nú er. Það mundi koma í ljós, ef sú leið yrði farin að hækka útsvörin enn, að verulegur hluti þeirra mundi ekki innheimtast og hækkunin því ekki koma að tilætluðum notum. Fundurinn hefur því tekið það ráð að semja tvö frumvörp, sem hann hyggst að fá borin fram á Alþingi til bráðabirgðaúrlausnar á fjárhagsvandræðum sveitarfélaganna, annað um lögreglumenn, en hitt um hluta sveitarfélaga af söluskatti, og visast, að öðru en hér er sagt, til frumvarpanna sjálfra og greinargerða þeirra, sem þeim fylgja.

Bæjarstjórafundurinn væntir velvilja og skilnings bæði hjá ríkisstjórn og Alþingi á þeim vandamálum, sem kaupstaðir landsins og önnur sveitarfélög eiga nú við að stríða, og væntir því fastlega, að fallið verði á þá bráðabirgðalausn, sem hér er bent á og fundurinn hefur einróma samþykkt og fer fram á, að lögfest verði á Alþingi því, sem nú situr.

Aths. frá flm.: Að því leyti sem minnst er á í útdrætti þessum tillögur um að létta lögreglukostnaði af sveitarfélögum, snertir það ekki þetta frv. nema óbeinlínis.